

# STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1984

---

30. mars 1984

241

Nr. 166

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486 23. ágúst 1982 um söluskatt með síðari breytingum.

1. gr.

2. másl. 2. tl. 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Undanþága samkvæmt þessum tölulíð tekur þó ekki til ávaxtasafa, hreinna og blandaðra, eða tilreiddra efna til slíkrar drykkjuvörugerðar, sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 77/1980 um vörugjald með áorðnum breytingum, sbr. reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Undanþágan nær ekki heldur til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, poppkorns eða annars sælgætis, þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum um vörugjald.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum til þess að öðlast gildi frá og með 1. apríl 1984.

*Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1984.*

**Albert Guðmundsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

30. mars 1984

Nr. 167

## AUGLÝSING

um tollmeðferð á nokkrum drykkjarvörum.

Ráðuneytið tilkynnir hér með að það hefur ákveðið að nota heimild í 13. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum og fella niður eða eftir atvikum lækka toll í 22% af drykkjarvörum sem flokkast undir tnr. 21.07.07, 21.07.08, 21.07.12 og 21.07.19 í 1. gr. nefndra laga til samræmis við toll af hliðstæðum drykkjarvörum í tnr. 22.02.09.

Niðurfelling tolls er bundin því skilyrði að vörur þessar verði taldar upprunavörur í skilningi auglýsingar nr. 680/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu

(EBE) og viðbótarbókunar við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 287/1981 um breyting á henni.

Við tollmeðferð á nefndum vörum skal greiða 3% jöfnunargjald, sbr. 1. gr. laga nr. 78/1980 um jöfnunargjald.

Auglýsing þessi er sett til að öðlast gildi frá og með 1. apríl 1984.

*Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1984.*

**Albert Guðmundsson.**

Höskuldur Jónsson.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 634 30. desember 1980 um vörugjald með síðari breytingum.

1. gr.

B-liður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 17% gjald:

Tollskrárnúmer Vöruheiti

úr 21.07	Efni í tollskrárnúmerum 21.07.01, 21.07.07, 21.07.08, 21.07.12 og 21.07.19 tilreidd til blöndunar á drykkjarvörum eins og límonaði, gosdrykkjum og öðrum óáfengum drykkjarvörum.
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru.
22.02.01	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 20.07.
og	
22.02.09	
22.03.01	Öl gert úr malti.
og	
22.03.09	

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 77 23. desember 1980 um vörugjald með síðari breytingum til að öðlast gildi frá og með 1. apríl 1984. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 234 30. apríl 1981 um sama efni svo og þau fyrirmæli önnur sem kunna að brjóta í bága við reglugerð þessa.

*Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1984.*

**Albert Guðmundsson.**

Höskuldur Jónsson.